

Föstudaginn 1. apríl 1949.

Nr. 39/1949. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Emil Andersen (Einar B. Guðmundsson).

Dragnótaveiðar í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóupprátt stað vélbáts kærða í landhelgi, og reyndist hann vera 2.1 sjómíllur innan landhelgislínu.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við refsíákvæði, er þar eru greind, að öðru en því, að ákvæði laga nr. 14/1948 taka ekki til ákvörðunar fésekta samkvæmt lögum nr. 45/1937, þar sem fjárhæð sekta er miðuð við gullkrónur.

Samkvæmt þessu má staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um varðhaldsrefsingu kærða, upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði. Með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.96, þykir fésekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 9000 krónur til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 75 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Emil Andersen, sæti varðhaldi 2 mánuði og greiði 9000 króna sekt í Fiskveiðasjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 75 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Eggerts Claessens og Einars B. Guðmundssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 5. júní 1948.

Ár 1948, laugardaginn 5. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3238/1948: Valdstjórnin gegn Emil Martin Andersen, — sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Emil Martin Andersen skipstjóra, til heimilis að Heiðavegi 13 í Vestmannaeyjum, til refsingar og greiðslu málskostnaðar fyrir brot gegn lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. lög nr. 26 12. febrúar 1940, um breyting á þeim lögum.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. júlí 1917 í Vestmannaeyjum. Hinn 20. maí 1947 var hann í Vestmannaeyjum dæmdur í 29.500.00 kr. sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi. Afli og veiðarfæri m/s Metu var gert upptækt. Að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kærú né refsingu fyrr, svo að vitað sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Föstudaginn 4. þ. m. var varðskipið Ægir á eftirlitsferð við Hafnaberg. Klukkan 16.25 var það stöðvað við hlið m/s Metu, V.E. 236, 36.22 rúmllestir brúttó að stærð, en dragnót skips þessa var utanborðs og skipverjar að veiðum. Var þegar gerð svofelld staðarákvörðun:

Stafnessviti

> 59°

N.-tá Hafnabergs

> 89°

Reykjanessviti.

Dýpi 70 metrar.

Reyndist því m/s Meta tvær sjómílar innan landhelgislínu, og játaði skipstjórinn, kærði í máli þessu, þegar, að svo væri, enda hefur hann ekkert haft við staðarákvörðunina að athuga.

Það, sem hér að framan greinir, er samkvæmt samhljóða vitnaframburðum fyrsta og annars stýrimanns varðskipsins, Magnúsar Björnssonar og Högna Jónssonar.

Kærði, sem er einn af fjórum eigendum m/s Metu, en hinir eru bræður hans tveir, Knud Andersen og Willum Andersen, auk föður hans, Peters Andersens, sem allir eru búsettir í Vestmannaeyjum, skýrir svo frá, að hann hafi farið á veiðar sl. fimmtudag kl. 2 e. h. Um sexleytið dag þennan setti hann nótina út og hóf veiðarnar djúpt út af Hafnabergi. Klukkan

um tvö næstu nótt var nótin dregin inn og veiðunum svo haldið áfram næsta dag. Kveðst kærði þá hafa farið með fullri vitund inn fyrir landhelgislínuna og verið þar að veiðum, er varðskipið kom að bátnum. Hefur kærði getið þess, að hann hafi talið sig vera að leyfilegum veiðum, því að hann hafi vitað til þess, að tveir bátar, báðir yfir 100 smálestir að stærð, m/s Erna, E.A. 200, og m/s Fell, V.E. 31, hafi í fyrra fengið leyfi til að veiða með dragnót í landhelgi. Vitnið Magnús Björnsson segir, að rétt sé, að bátar þessir hafi fengið slíkt leyfi, en fullyrðinga kærða um, að hann hafi talið sig vera að leyfilegum veiðum, verður ekki hægt að taka tillit til, enda hefur hann aldrei sótt um slíkt leyfi og eigi heimilt að veita það nema á tímabilinu frá 1. október til 30. nóvember.

Með eigin framburði kærða, sem er í samræmi við annað það, sem er upplýst í máli þessu, er sannað, að hann hafi með fullri vitund verið að dragnótaveiðum í landhelgi á skipi, sem stærra er en 35 smálestir brúttó, föstudaginn 4. þ. m. Hefur kærði því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 26 12. febrúar 1940, um breyting á lögum nr. 45 frá 13. júní 1937.

Þykir refsing hans með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag og laga nr. 14 8. marz 1948, um ákvörðun fésekta, sbr. 3. gr. laga nr. 45/1937, hæfilega ákveðin 22.500.00 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald í tvo mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þar sem kærði var hinn 20. maí 1947 dæmdur í 29.500 kr. sekt vegna botnvörpuveiða í landhelgi, þykir bera að dæma hann í tveggja mánaða varðhald skv. 5. gr. laga nr. 45 13. júní 1937, enda verður að telja, að óleyfilegar botnvörpuveiðar séu sízt minna brot en ólöglegar dragnóta-veiðar í landhelgi.

Skv. 3. gr. nefndra laga ber að gera öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, og allan afla um borð í m/s Metu upptæk til sama sjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Kærði, Emil Martin Andersen, greiði kr. 22.500.00 sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella með tveggja mánaða varðhaldi.

Kærði sæti tveggja mánaða varðhaldi.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í m/s Metu, V.E. 236, skal gert upptækt til sama sjóðs.

Kærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.